

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 20. júní 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Hermann Jónasson.

13. júní 1997

Nr. 379

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1997.

1. gr.

Lyfjaeftirlitsþegum sbr. 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1997 vegna lyfjaeftirlits, sbr. 2. gr. sömu laga, sem hér segir:

	Kr.		Kr.		Kr.
1. flokkur	360.000	10. flokkur	500.000	19. flokkur	250.000
2. flokkur	330.000	11. flokkur	375.000	20. flokkur	150.000
3. flokkur	250.000	12. flokkur	275.000	21. flokkur	100.000
4. flokkur	210.000	13. flokkur	225.000	22. flokkur	75.000
5. flokkur	160.000	14. flokkur	170.000	23. flokkur	50.000
6. flokkur	130.000	15. flokkur	130.000	24. flokkur	30.000
7. flokkur	110.000	16. flokkur	100.000	25. flokkur	15.000
8. flokkur	75.000	17. flokkur	60.000	26. flokkur	7.500
9. flokkur	50.000	18. flokkur	35.000		

2. gr.

Lyfjaeftirlitsþegum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, eftir veltu og/eða umfangi eftirlitsskyldrar starfsemi, sbr. fylgiskjal 1.

Eftirlitsgjald samkvæmt 9. flokki skal lagt á lyfjafræðinga, sem veitt er nýtt lyfsölu-leyfi. Árlega skal sama gjald lagt á lyfsöluleyfishafa sem ekki hafa opnað apótek.

Hlutfallslegt eftirlitsgjald samkvæmt 6. flokki, skal lagt á ný apótek sem hefja starfsemi á árinu. Greiða skal $\frac{1}{12}$ gjaldsins fyrir hvern starfsmánuð eða hluta úr mánuði.

3. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er fyrsti virki dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu reiknings og eindagi síðasti dagur þess mánaðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef eigi hefur verið greitt á eindaga.